

Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar maí 2006 – maí 2007

Sýningar

Sumarsýning 2006 27.05 – 03.09.06

Á sýningunni voru 15 verk eftir Sigurjón frá tímabilinu 1940 til 1978 auk sex andlitsmynda í brons. Fjölrítuð sýningarskrá á íslensku og ensku fylgdi sýningunni.

Hjól - Plógur - Vængir 17.09 – 30.11.06

Ný málmverk eftir Hallstein Sigurðsson myndhöggvara.

Jón Proppé ritar grein í sýningarskrá og kemst svo að orði: „Verk hans eru langflest unnin í málm, einkum járn og ál, og báru framan af sterk einkenni módernismans, líkt og til dæmis síðari verk þeirra Ásmundar Sveinssonar og Sigurjóns Ólafssonar. Nýrri verk Hallsteins eru gjarnan léttar formstúdíur þar sem hann notar granna teina og kúpta fleti til að teikna upp form og hreyfingar í rýminu. Líttleiki og tær myndhugsun eru aðall Hallsteins og innra rými verkanna er opið, afmarkað með fáum en skýrum dráttum.“

www.lso.is – grunnskólabörn velja verk á sýningu LSÓ frá 23.02.07

Tilfni þessarar sýningar er að heildarskrá listaverka Sigurjóns Ólafssonar, sem var gefin út á prenti á árunum 1998 og 1999, hefur verið færð á vefsíðuform öllum aðgengileg. Grunnskólanemendum var boðið að skoða ákveðið úttak úr heildarskránni - það sem er aðgengilegt - og hver mátti velja sér eitt listaverk sem hann óskaði eftir að sjá á sýningunni. Ætlast var til að allar óskir væru rökstuddar eða útskýrðar með texta. Endanlegt val á sýninguna byggðist m.a. á þessum svörum. Úrval þessa texta var birtur í fjöritaðri 8 síðna sýningarskrá sem gefin var út á íslensku og þýdd á ensku. Formaður Menntaráðs Reykjavíkurborgar Júlíus Vífill Ingvarsson opnaði sýninguna á Safnanótt í Reykjavík og veitti verðlaun fyrir bestu svörin.

Hraunblóm/Lavaens blá blomst í Danmörku

Sýningin var í safni Carl-Henning Pedersens og Else Alfelt í Herning á Jótlandi 07.04 – 14.05.06 og á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn 02.11.06–15.01.07. Þar voru henni gerð skil, meðal annars í Kunstavisen (11/2006).

Sumartónleikar

Sumartónleikar safnsins 2006 hófust 11. júlí og stóð til 29. ágúst. Alls komu fram 21 tónlistarmaður á níu tónleikum, þar af þriðjungur erlendur. Gefinn var út 16 síðna litprentaður kynningarbæklingur á íslensku og ensku sem dreift var á gististaði og ferðamannastaði og sendur til fjölda einstaklinga. Aðsókn var góð og var mikill meiri hluti tónleikagesta íslenskur. Pokasjóður og Glitnir styrktu sumartónleikaröðina.

Tuttuguogtvær umsóknir bárust fyrir auglýstan frest 13. febrúar vegna sumar-tónleika 2007. Ellefu tónleikar verða í tónleikaröðinni á tímabilinu 10. júlí til 11. september. Stefnt er að því að gefa út prentaðan bækling um tónleikana á íslensku og ensku með myndum af tónlistarfólkinu.

Aðrir viðburðir í safninu

- 09.05.06 Útskriftartónleikar Þorgerðar Eddu Hall.
14.05.06 Píanótónleikar Júlíönu Rúnar Indriðadóttur.
16.05.06 Áttundastígs próf. Tónleikar Nathalíu Druzin Halldórsdóttur.
20.05.06 Burtfararprófstónleikar Ásgeirs Páls Ágústssonar.
30.05.06 Menntamálaráðuneytið. Aðstaða í safninu fyrir vinnufund um gæðastjórnun.
29.06.06 Tónleikar Helgu Þórarinsdóttur og Anne Taffel.
30.06.06 Tónleikar Anne Taffel.
09.07.06 Listasafn Sigurjóns tók þátt í Íslenska safnadeginum. Aðgangur ókeypis og leiðsögn um sýninguna.
10.08.06 Úthlutun úr minningarsjóði Jean Pierre Jacquillat.
30.08.06 Tónleikar Guðbjargar Sandholt og Önnu Helgu Björnsdóttur.
03.09.06 ICOM, Alþjóðlegt félag safna og safnanna. Veisla í sal safnsins í lok fjölþjóðlegrar ráðstefnu á Íslandi.
23.11.06 Bandarískir ferðamenn á vegum Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar nutu leiðsagnar og tónlistar í safninu á Þakkargjörðardegi sínum.
02.12.06 Aðventutónleikar Tónskóla Sigursveins.
15.12.06 Jólatónleikar Tónskóla Sigursveins.
19.12.06 Útgáfutónleikar Agnars Más Magnússonar.
01.03.07 Píanótónleikar Pablo Galdo í tilefni opunar Cervantes-seturs á Íslandi.
28.04.07 Burtfararprófstónleikar Freys Jóhannssonar.
28.04.07 Burtfararprófstónleikar Magnúsar Þórs Ólafssonar.
13.05.07 Framhaldsprófstónleikar Benedikts Kristjánssonar.

Gjafir til safnsins

Þann 27.08.06 færðu hjónin Bryndís Guðmundsdóttir og Gissur Símonarson safninu að gjöf verk Sigurjóns *Klambrarinn* eða *Tannhjól* frá árinu 1978, LSÓ 1323, og þann 03.09.06 gaf Guðrún St. Halldórsdóttir safninu verk Sigurjóns *Síðaskiptin*, 1956, LSÓ 1148 í minningu bróður síns.

Safnkostur

Listasafn Sigurjóns keypti á uppboði Gallerí Foldar þann 10.09.06 vinnuskissu eftir Sigurjón úr brenndum leir *Ferskeytt mynd*, 1966, LSÓ 1224.

Safnið lét steypa tvö gifsverk í brons til varanlegrar eignar: *Sigrún Magnúsdóttir*, LSÓ 1015, portrett frá 1930 sem safninu var fært að gjöf 1998 og *Skúlptúr*, LSÓ 259, sem safninu var færður að gjöf árið 2003.

Í árslok 2006 var listaverkæign safnsins 158 þrívíð verk og 240 teikningar, samtals 398 verk. Einkasafn Birgittu Spur og barna hennar lánað safninu að staðaldri 110 þrívíð verk.

Langtímalán

Eftirtaldir aðilar hafa listaverk úr umsjón safnsins að láni:

- ▶ Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen: *Nýtt líf* (LSÓ 103).
- ▶ Sundaborg: *Blómgun* (LSÓ 251) og *Ég bið að heilsa* (LSÓ 073, bronsafsteypa AC).
- ▶ Menntamálaráðuneytið: *Tveir bogar eða Hanar* (LSÓ 108, afsteypa í polyester).
- ▶ Háskólinn í Reykjavík *Fótboltamenn* (LSÓ 247, bronsafsteypa).

Safnið geymir nokkur verk Sigurjóns sem aðrir eiga:

- ▶ *Reifabarn/Steinn Steinar* (LSÓ 1137, í eigu ASÍ safnsins),
- ▶ Ásgrímur Jónsson (LSÓ 1089, í eigu FÍM)

Á lóð safnsins eru:

- ▶ *Faðmlög* (LSÓ 1102) og *Lágmynd* (LSÓ 1104) úr eigu Listasafns Íslands.

Ennfremur hefur Páll Guðmundsson á Húsafelli lánað höggmynd sína:

- ▶ *Hallgerður Langbrók* og er hún úti á lóð safnsins.

Munir í fjargeymslu

Lýður Pálsson safnstjóri Byggðasafns Árnesinga á Eyrarbakka hefur af mikilli velvild veitt geymsluaðstöðu í þjónustubyggingu byggðasafnsins þar fyrir eftirtalin verk:

Gríma (LSÓ 229, gifsmynd, 130 cm há), *Fótboltamenn* (LSÓ 1374, gifsmynd fyrir bronsmyndina á Akranesi) og *Farfuglar* (LSÓ 067, 110×100 cm úr frauðplasti).

Hjá Fraktlausnum eru geymd eftirtalin verk:

Fótboltamaður (LSÓ 004, gifs fyrir bronsmyndina úti fyrir Listasafni Íslands) og *Lágmyndir* (LSÓ 085 & 086) sem bíða uppsetningar við safnið.

Skráning, rannsóknir og miðlun

Listaverkaskrá Sigurjóns Ólafssonar er heildarskrá verka Sigurjóns, en ekki eignaskrá safnsins. Skráningarkerfi safnsins er því ólíkt skráningarkerfum annarra safna og þegar farið var að huga að netútgáfu hennar kom í ljós að þau forrit sem önnur söfn nota - og hægt er að birta á netinu - hentuðu okkur ekki og voru þar að auki stór og dýr. Var því netskráin smíðuð frá grunni í safninu og lögð áhersla á að hafa hana sem einfaldasta til að hún yrði létt í flutningi um netið.

Reynslan af fastnúmerakerfi safnsins (LSÓ númerunum) er góð, örfáir agnúar voru sniðnir af því á árinu, og héðan í frá mun númerum einstakra verka Sigurjóns ekki verða breytt.

Á árinu 2006 var gert átak í því að uppfæra listaverkaskrána, bæði á spjöldum og í tölvuskrána. Að því loknu var útbúin netskrá eins og fyrr er lýst og færð á netþjón safnsins, Hringiðuna. Skráin hefur verið aðgengileg öllum frá í september 2006, en hún var opnuð formlega í tengslum við sýninguna *www.lso.is* á Vetrarhátíð í Reykjavík 23. febrúar 2007.

Að öðru leyti heldur LSÓ úti öflugum netsíðum (*www.lso.is*) bæði á íslensku og ensku. Lögð er áhersla á að upplýsingar um sýningar, tónleika og aðra viðburði séu uppfærðar og að þar megi einnig sjá öll frávík frá venjulegum opnunartíma safnsins.

Um verk Sigurjóns í alfaraleið

Listaverk Sigurjóns *Nína Tryggvadóttir, minnismerki* (LSÓ 045) sem staðið hefur úti fyrir Kjarvalsstöðum og er í eigu Reykjavíkurborgar, hefur verið tekið niður til viðgerðar sem Helgi Gíslason myndhöggvari hefur yfirumsjón með.

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur Hafþór Yngvason hefur einnig í hyggju að láta gera við lágmynd Sigurjóns *Saltfiskstöflun* frá 1934 – 35 (LSÓ 1034).

Verkefni framundan - undirbúningur að afmælisári

Eitthundrað ára afmælis Sigurjóns þann 21. október 2008 verður minnst á ýmsa vegu, en þá verða einnig 20 ár liðin frá því að safnið var opnað almenningi.

Í febrúar 2006 var safnráði Listasafns Íslands ritað bréf þar sem óskað var eftir „viðræðum um hvernig best verði staðið að því að halda upp á afmælið og varpa ljósi á mikilvægt framlag [Sigurjóns] til íslenskrar og danskrar myndlistarsögu“. Nú, ári síðar, hefur því bréfi ekki verið svarað. Stjórn Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar, hefur samþykkt að haldin verði sýning á verkum Sigurjóns í Hafnarborg árið 2008 og hefur falið forstöðukonunni Péturínu Pétursdóttur að sjá um framkvæmd sýningarinnar í samvinnu við Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.

Þann 12. október 2006 átti Birgitta fund með Mette Skougaard forstöðukonu *Friðriksborgar safnsins* (Danmarks Nationalhistoriske Museum på Frederiksborg Slot í Hillerød) ásamt Søren Mentz safnverði. Þar var samþykkt að halda sýningu á ca. 30 portretum Sigurjóns í þeim hluta safnsins sem nefnist *Moderne Samling*, en þar eru sýnd portrett samtímamanna og 20. aldar. Þau óskuðu eftir að sýningin yrði haldin haustið 2008, í kringum aldarafmæli Sigurjóns, og stæði í þrjá til sex mánuði. Gefin verður út sýningarskrá með greinum m.a. eftir Charlotte Christensen, listfræðing, og Mikael Bøgh Rasmussen, en sá síðarnefndi starfar við safnið. Mette Skougaard, Søren Mentz og Charlotte Christensen koma til Íslands 28. þessa mánaðar til að velja portrettin héðan, en einnig verða sýnd verk sem eru í Danmörku.

Viðræður hafa verið í gangi um skiptisýningu á verkum Sigurjóns og baskneska myndhöggvarans Jorge Oteiza, sem var fæddur sama ár og sama dag og Sigurjón. Birgitta hefur heimsótt safn Oteiza í Navarra og fundað með safnstjóranum. Listasafn

Sigurjóns hefur mikinn áhuga á þessu verkefni þar sem þessir tveir listamenn eiga margt sameiginlegt: þeir voru báðir fæddir á afskekktum jaðarsvæðum innan Evrópu og þeir urðu framúrstefnumenn í mórernískri alþjóðlegri höggmyndalist hvor í sínu landi. Einnig höfðu þeir báðir mjög sterkar rætur og tilvísanir í eigin þjóðmenningu og endurspeglast það í verkum þeirra. Ljóst er að nokkuð mikilla styrkja er þörf eigi þessi hugmynd að ganga eftir.

Geymslumál safnsins

Undanfarin ár hefur safnið haft á óskalista sínum að reisa geymslu- og þjónustuhús á byggingareit sem afmarkaður er í deiliskipulagi Reykjavíkurborgar fyrir Laugarnestanga. Í tilefni aldarafmælis Sigurjóns og 20 ára frá opnun safnsins hefur málið verið vakið upp og stefnt er að því að hefja framkvæmdir á afmælisárinu.

Safninu hefur verið sagt upp geymslu sem það hefur haft til fjölda ára á Vitastíg 3 í Reykjavík, en tekist hefur að leigja geymslu austur á Eyrarbakka sem mun væntanlega brúa bilið þangað til safnið eignast eigin geymslu á Laugarnesi.

Fjöldi safngesta

2006 var um 4000.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir er 300 krónur á almennar sýningar og 400 kr. fyrir sérsýningar, en 200 kr. fyrir eldri borgara og frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna og skólahópa. Frítt er fyrir þá sem framvísa Gestakorti Reykjavíkur, safnmannakorti ICOM og myndlistar-nema og kennara.

Safnið er opið:

1. júní – 30. sept.: Opið alla daga nema mánudaga kl. 14 – 17.

1. okt. – 31. maí.: Opið laugardaga og sunnudaga kl. 14 – 17.

Í desember og janúar er safnið aðeins opið samkvæmt samkomulagi.

Starfsmenn

Í föstu starfi hjá safninu er Birgitta Spur og Geirfinnur Jónsson. Soffía Jóhannsdóttir var ráðin við gæslu og önnur störf sumarið 2006 og einnig aðstoðuðu Þóra Sigurbjörnsdóttir og Júlía Mogensen við gæslu.

Aðalfundur LSÓ

var haldinn 26. júní 2006.

Stjórnarfundur

voru haldnir 30. júní 2006 og 20. nóvember 2006.

Stjórn LSÓ skipa

Birgitta Spur (formaður), Hlíf Sigurjónsdóttir, Æsa Sigurjónsdóttir, Anna Einarsdóttir og Vikar Péturson. Varamenn eru Geirfinnur Jónsson og Karólína Eiríksdóttir.

Fulltrúaráð LSÓ skipa

Anna Einarsdóttir, Ágúst Einarsson, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediksdóttir, Erlingur Jónsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Agnarsdóttir, Inga Lára Baldvinsdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Pétur Guðmundsson (varaformaður), Sigmundur Guðbjarnason (formaður) og Vikar Pétursson.

Endurskoðandi safnsins er

Árni Snæbjörnsson löggiltur endurskoðandi hjá Ernst & Young hf.

Sumartónleikar LSÓ 2006

Þriðjudaginn 11. júlí

Freyr Sigurjónsson flauta, **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðla, **Iwona Andrzejczak** lágfiðla og **Jerzy Andrzejczak** selló. Flautukvartettar KV 285 í D-dúr, KV 285a í G-dúr KV 285b í C-dúr og KV 298 í A-dúr eftir W.A. Mozart.

Sunnudaginn 16. júlí (aukatónleikar)

Freyr Sigurjónsson flauta, **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðla, **Iwona Andrzejczak** lágfiðla, **Jerzy Andrzejczak** selló og **Anna Áslaug Ragnarsdóttir** píanó. Verk eftir Bohuslav Martinu: *Madrigal Sónata* fyrir flautu, fiðlu og píanó, *Sónata* fyrir flautu og píanó, *Þrjú Madrigalar* fyrir fiðlu og víólu og *Trío* fyrir flautu, selló og píanó.

Þriðjudaginn 18. júlí kl. 20:30

Þorbjörn Björnsson barítón og **Jan Czajkowski** píanó. Söngvar og aríur eftir Henry Purcell, Charles Ives, Gabriel Fauré, Franz Schubert, W.A. Mozart and Benjamin Britten.

Þriðjudaginn 25. júlí

Tónafljóð. **Þórunn Elín Pétursdóttir** sópran, **Hafdís Vigfúsdóttir** flauta og **Sigrún Erla Egilsdóttir** selló. Verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Snorra Sigfús Birgisson, Hafliða Hallgrímsson, Eugéne Bozza, Jacques Ibert og Betty Roe. Frumflutt verður *Pula* fyrir sópran, flautu og selló sem Þóra Marteinsdóttir samdi fyrir Tónafljóð.

Þriðjudaginn 1. ágúst

Nicole Vala Cariglia selló og **Árni Heimir Ingólfsson** semball. Þrjár gömbusónötur eftir J.S. Bach: *nr. 1 í G dúr*, BWV 1027, *nr. 2 í D dúr* BWV 1028 og *nr. 3 í g moll* BWV 1029.

Þriðjudaginn 8. ágúst

Auður Gunnarsdóttir sópran og **Andrej Hovrin** píanó. Um bjartar nætur... Sönglög eftir Alban Berg, Jean Sibelius, Edvard Grieg og Sergei Rachmaninoff.

Þriðjudaginn 15. ágúst

Teneritas - hópurrinn. **Ólöf Sigursveinsdóttir** barokkselló, **Hanna Loftsdóttir** gamba og **Fredrik Bock** lúta. Flutt verður fjölbreytt barokktónlist eftir tónskáld frá 17. og 18. öld; Alexis Magito, François Coperin, Marin Marais, Gaspar Sanz og Johann Sebald Triemer.

Þriðjudaginn 22. ágúst

Margrét Árnadóttir selló. Tvær svítur eftir J.S. Bach fyrir einleiksselló: *nr. 2 í d moll* BWV 1008 og *nr. 6 í D dúr* BWV 1012.

Þriðjudaginn 29. ágúst

Trio Bellarti. **Chihiro Inda** fiðla, **Pawel Panasiuk** selló og **Agnieszka Malgorzata Panasiuk** píanó. Trío í C-dúr KV 548 eftir W.A. Mozart, *Andað á sofinn streng* eftir Jón Nordal og *Trío í d-moll op. 32* eftir Anton S. Arensky